

FYLGISEÐILL FYRIR:
Drontal vet. 230 mg + 20 mg filmuhúðaðar töflur handa köttum

1. HEITI OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA OG ÞESS FRAMLEIÐANDA SEM BER ÁBYRGÐ Á LOKASAMÞYKKT, EF ANNAR

Markaðsleyfishafi:
Vetoquinol S.A.
Magny-Vernois
70200 Lure
Frakkland

Framleiðandi sem ber ábyrgð á lokasamþykkt:

- KVP Pharma + Veterinär Produkte GmbH, Projensdorfer Str. 324, D-24106 Kiel, Þýskaland.
- Vetoquinol S.A., Magny-Vernois, 70200 Lure, Frakkland.

2. HEITI DÝRALYFS

Drontal vet. 230 mg/ 20 mg filmuhúðaðar töflur.

3. VIRK(T) INNIHALDSEFNI OG ÖNNUR INNIHALDSEFNI

1 tafla inniheldur:

Virk innihaldsefni: pyrantelbonat 230 mg og praziquantel 20 mg.

Hjálparefni: Máissterkja, örkristölluð sellulósa, polyvidon K 25, magnesíumsterat, vatnsfrí kísilkvoða, Opadry White TF 276U280002.

4. ÁBENDING(AR)

Drontal vet. er ormalyf sem ætlað er til notkunar gegn þráðormum (bitormum og spóluormum) og bandormum í köttum.

5. FRÁBENDINGAR

Má ekki gefa köttum sem eru yngri en 6 vikna.

6. AUKAVERKANIR

Koma örsjaldan fyrir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 10.000 dýrum, þ.m.t. einstök tilvik): Að kettirnir slefi, fái ógleði og uppköst, jafnvægistruflanir og ringlun. Þessar aukaverkanir eru venjulega vægar, skammvinnar og hverfa af sjálfu sér.

Einkennin frá meltingarveginum eru hugsanlega vegna framandi eggjahvíuefna (próteina) sem deyjandi ormarnir mynda.

Gerid dýralækni viðvart ef vart verður alvarlegra aukaverkana eða aukaverkana sem ekki eru tilgreindar í fylgiseðlinum.

7. DÝRATEGUND(IR)

Kettir.

8. SKAMMTAR FYRIR HVERJA DÝRATEGUND, ÍKOMULEIÐ(IR) OG AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

Venjulegur skammtur (stakskammtur): 1 tafla fyrir hver 4 kg líkamspunga. Töflurnar eru með deiliskoru og þeim er hægt að skipta. Ef skipta á töflu skal leggja hana á harðan flöt þannig að deiliskoran vísi upp og þrýsta síðan á töfluna.

Ávallt skal fylgja fyrirmælum dýralæknis.

9. LEIÐBEININGAR UM RÉTTA LYFJAGJÖF

Drontal vet. töflurnar má gefa beint upp í kjaft kattarins eða blanda þeim í fóður.

10. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Á ekki við.

11. GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðum.

12. SÉRSTÖK VARNADARORÐ

Ormarnir skiljast út með saur.

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum:

Sníkjudýr geta myndað óþol gegn sumum flokkum ormalyfja við tíða og endurtekna notkun lyfja í þessum flokkum.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Lyfið má gefa kettlingafullum og mjólkandi læðum.

Ofskömmun (einkenni, bráðameðferð, móteitur):

Fimm faldur ráðlagður skammtur þolist vel. Einkenni óþols í formi uppkasta hafa komið fram við notkun stærri skammta.

13. SÉRSTAKAR VARÚÐARREGLUR VEGNA FÖRGUNAR ÓNOTAÐRA LYFJA EÐA ÚRGANGS, EF VIÐ Á

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

14. DAGSETNING SÍÐUSTU SAMÞYKKTAR FYLGISEÐILSINS

Desember 2024.

Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>

15. AÐRAR UPPLÝSINGAR